**Sþ. 389. Breytingartillaga [51. mál]**

við till. til þál. um könnun vélhjólaslysa.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólaslysa í umferðinni. Könnunin skal unnin á vegum dómsmálaráðuneytisins í samráði við heilbrigðismálaráðuneytið.

Skal áliti skilað í skýrsluformi til næsta reglulegs Alþingis ásamt tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir.